9. „Viðkoma án flutninga“ er landing í hvaða tilgangi sem er öðrum en að taka um borð eða setja af farþega, farangur, farm og/eða póst í flutningum í lofti.

10. „Yfirráðasvæði“ eru landsvæði sem aðili hefur fullveldi yfir eða eru undir lögsögu, vernd eða gæsluvernd hans ásamt aðliggjandi landhelgi.

11. „Notendagjald“ er gjald sem flugfélagi er gert að greiða fyrir afnot af flugvelli, flugleiðsögu eða aðstöðu eða þjónustu vegna flugverndar ásamt þjónustu og aðstöðu sem því tengist.

2. gr.

Réttindi

1. Hvor aðili um sig veitir flugfélögum hins aðilans eftirfarandi réttindi til að stunda millilandaflutninga í lofti:

a. rétt til að fljúga yfir yfirráðasvæði sitt án þess að lenda;

b. rétt til viðkomu án flutninga á yfirráðasvæði sínu; og

c. önnur réttindi sem eru tilgreind í þessum samningi.

2. Ekkert í þessari grein veitir flugfélagi eða flugfélögum annars aðilans rétt til að taka um borð farþega, farangur þeirra, farm eða póst á yfirráðasvæði hins aðilans og flytja gegn þóknun til annars ákvörðunarstaðar á yfirráðasvæði síðarnefnda aðilans.

3. gr.

Tilnefning og veiting leyfis

1. Báðir aðilar hafa rétt til að tilnefna eins mörg flugfélög og þeir sjálfir kjósa til að stunda millilandaflutninga í lofti samkvæmt samningi þessum og til að afturkalla eða breyta slíkum tilnefningum. Slíkar tilnefningar bér að tilkynna hinum aðilanum skriflega eftir diplómátskum boðleiðum og skal tekið fram hvort flugfélagið hafi leyfi til þeirrar tegundar flutninga í lofti sem er tilgreind í I. eða II. viðauka eða báðum.

2. Þegar slík tilnefning berst, og umsókn frá tilnefndu flugfélagi, í því formi og á þann hátt sem mælt er fyrir um flugrekstrarleyfi og tæknileyfi, skal hinn aðilinn veita viðeigandi leyfi með eins skjótum hætti og málsmeðferð leyfir, að því tilskildu að:

- a. aðilinn sem tilnefnir flugfélagið eða þegnar hans, eða hvorir tveggja, hafi verulegt eignarhald og fari í raun með stjórn flugfélagsins;
- b. tilnefnda flugfélagið geti fullnægt þeim skilyrðum í lögum og reglum sem venjulega gilda um millilandaflutninga í lofti hjá aðilanum sem fjallar um umsóknina eða umsóknirnar; og
- c. aðilinn sem tilnefnir flugfélagið fylgi stöðlum sem settir eru í 6. gr. (Öryggi) og 7. gr. (Flugvernd) og stjórninni samkvæmt þeim.

4. gr.

Afturköllun leyfis

1. Hvor aðilinn sem er getur afturkallað, fellt niður um tíma eða takmarkað flugrekstrarleyfi eða tæknileyfi flugfélags sem hinn aðilinn hefur tilnefnt ef:

- a. aðilinn sem tilnefnir flugfélagið, þegnar hans eða hvorir tveggja, hafa hvorki verulegt eignarhald né fara í raun með stjórn í flugfélaginu;
- b. flugfélagið hefur ekki farið að þeim lögum eða reglum sem vísað er til í 5. gr. þessa samnings (Beiting laga); eða

c. hinn aðilinn fylgir ekki þeim stöðlum sem settir eru í 6. gr. (Öryggi).

2. Rétti sem felst í þessari grein skal aðeins beitt að höfðu samráði við hinn aðilann, nema brýnna aðgerða sé þörf til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot á ákvæðum b- og c-liðar 1. mgr. þessarar greinar.

3. Grein þessi takmarkar rétt hvorugs aðilans til að fresta, afturkalla, takmarka eða setja skilyrði fyrir flugrekstrarleyfi eða tæknileyfi flugfélags eða flugfélaga hins aðilans í samræmi við ákvæði 7. gr. (Flugvernd).

5. gr.

Beiting laga

1. Þegar komið er inn á yfirráðasvæði annars aðilans, verið þar eða farið þaðan ber flugfélagi hins aðilans að fara að lögum og reglum hins fyrrnefnda um starfrækslu og flugleiðsögu loftfars.

2. Þegar komið er inn á yfirráðasvæði annars aðilans, verið þar eða farið þaðan skulu farþegar, áhöfn eða farmur um borð í loftfari flugfélags hins aðilans fullnægja lögum og reglum sem gilda um farþega, áhöfn eða farm við komu eða brottför frá yfirráðasvæði fyrrnefnda aðilans (meðal annars fullnægja ákvæðum um komu, flugheimildir, flugvernd, útlendingaeftirlit, vegabréfaeftirlit, tolleftirlit og sóttkví, eða, ef um póst er að ræða, reglum um póst), eða það skal gert fyrir þeirra hönd.

6. gr.

Öryggi

1. Til að starfrækja þá flutninga í lofti sem kveðið er á um í samningi þessum, skulu aðilar viðurkenna sem gild lofthæfisskírteini; hæfisskírteini og leyfi sem eru gefin út eða viðurkennd hjá hinum aðilanum og í gildi eru, að því tilskildu að kröfur um slík skírteini eða leyfi jafngildi að minnsta kosti lágmarksstöðlum sem kunna að verða settir í samræmi við samþykktina. Hins vegar getur hvor aðilinn sem er neitað að viðurkenna sem gild hæfisvottorð og leyfi sem veitt eru eða viðurkennd af hinum aðilanum til handa eigin ríkisborgurum vegna flugs yfir yfirráðasvæði sínu.

2. Hvor aðilinn sem er getur óskað eftir viðræðum um öryggisstaðla hins aðilans er varða flugrekstrarstöðu, flugáhafnir, loftför og rekstur tilnefnda flugfélagsins. Ef annar aðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkar viðræður, að hinn aðilinn fylgi ekki í raun eða stjórnri samkvæmt öryggisstöðlum og

kröfum á þessum sviðum, sem jafngilda að minnsta kosti lágmarkskröfum sem samkvæmt samþykktinni er heimilt að ákveða, skal hann tilkynna hinum aðil-
anum niðurstöður sínar og hvað hann telji nauðsynlegt að gera til að fullnægja
þessum lágmarksstöðlum og skal þá síðarnefndi aðilinn gera viðeigandi ráðstaf-
anir þessu til leiðréttingar. Báðir aðilar áskilja sér rétt til að fresta, afturkalla eða
takmarka flugrekstrarleyfi eða tæknileyfi flugfélags eða flugfélaga, sem hinn
aðilinn tilnefnir, ef hinn aðilinn gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til leiðréttingar
innan eðlilegra tímamarka.

7. gr.

Flugvernd

1. Í samræmi við réttindi og skyldur samkvæmt þjóðarétti áréttá aðilar að
skyldur þeirra gagnvart hvor öðrum, sem felast í að vernda almenningsflug gegn
ólögmætum aðgerðum, séu óaðskiljanlegur hluti af þessum samningi. Án þess
að takmarka almenn réttindi sín og skyldur samkvæmt þjóðarétti, ber aðilum
sérstaklega að bregðast við í samræmi við ákvæði *samnings um lögbrot og aðra
verknæði í loftförum*, sem undirritaður var í Tókíó 14. febrúar 1963, *samnings
um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara* sem undirritaður var í Haag 16.
desember 1970 og *samnings um að koma í veg fyrir ólögmætir aðgerðir gegn
öryggi flugsamgangna*, sem undirritaður var í Montreal 23. september 1971.

2. Aðilar skulu, að fenginni beiðni, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem
nauðsynleg er til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar
ólöglegar aðgerðir gegn öryggi slíkra loftfara, farþegum þeirra og áhöfn og
flugvallar- og flugleiðsöguaðstöðu og snúast gegn hverju því sem kann að stofna
flugvernd flugleiðsöguþjónustu í almenningsflugi í hættu.

3. Aðilar skulu vinna saman í samræmi við alla flugverndarstaðla og við-
eigandi framkvæmd sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir með og hefur sett og
tilgreindir eru sem viðaukar við samþykktina. Þeir skulu gera kröfur um að
rekstraraðilar loftfara sem eru skráð hjá þeim, rekstraraðilar sem hafa aðalum-
svif eða fasta búsetu á yfirráðasvæði þeirra, svo og rekstraraðilar flugvalla á
yfirráðasvæði þeirra starfi í samræmi við flugverndarákvæðin.

4. Hvor aðili um sig samþykkir að fara að þeim flugverndarákvæðum sem
hinn aðilinn krefst við komu inn á yfirráðasvæði sitt og að gera viðeigandi
ráðstafanir til að vernda loftför og skoða farþega, áhöfn, farangur þeirra og
handfarangur, ásamt farmi og aðföngum loftfars áður en og um leið og farið er
um borð eða við hleðslu. Einnig skulu báðir aðilar taka til vinsamlegrar athugunar
allar óskir hins aðilans um sérstakar flugverndarráðstafanir til að mæta sérstakri
hættu.

5. Þegar hætta er á ólöglegri töku loftfars eða öðrum ólöglegum aðgerðum gegn öryggi farþega, áhafnar, loftfars, flugvallar eða flugleiðsöguaðstöðu, eða þegar slíkt á sér stað, skulu aðilar aðstoða hvor annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættuástand á skjótan og öruggan hátt.

6. Ef aðili hefur gilda ástæðu til að ætla að hinn aðilinn hafi vikið frá ákvæðum þessarar greinar um flugvernd geta flugmálayfirvöld fyrrnefnda aðilans óskað eftir viðræðum við flugmálayfirvöld hins síðarnefnda þegar í stað. Ef ekki næst viðunandi samkomulag innan 15 daga frá því að slík ósk er sett fram má telja að komnar séu forsendur fyrir því að fresta, afturkalla, takmarka eða setja skilyrði fyrir flugrekstrarleyfi og tæknileyfi flugfélags eða flugfélaga síðarnefnda aðilans. Ef neyðarástand skapast getur aðili gripið til bráðabirgðaaðgerða áður en 15 dagar eru liðnir.

8. gr.

Svigrúm til viðskipta

1. Flugfélög beggja aðila eiga rétt á að opna skrifstofur á yfirráðsvæði hins aðilans til að kynna og selja flutninga í lofti.

2. Flugfélög sem hvor aðilinn um sig tilnefnir eiga rétt á, í samræmi við lög og reglur hins aðilans um komu, búsetu og atvinnu, að flytja að og hafa á yfirráðasvæði hins aðilans starfsmenn við stjórnun, sölu, tæknistörf, rekstur og aðra sérhæfða starfsmenn sem nauðsynlegir eru til að annast flutninga í lofti.

3. Hvert tilnefnt flugfélag á rétt á að sjá um rekstur eigin flugþjónustu á yfirráðsvæði hins aðilans (eigin afgreiðsla) eða, ef það svo kýs, velja umboðsmann úr hópi þeirra sem um það keppa til að annast þá þjónustu að hluta eða að öllu leyti. Þessi réttur takmarkast einungis af ytri aðstæðum er varða öryggi á flugvelli. Ef slík atriði útiloka eigin afgreiðslu skulu öll flugfélög eiga aðgang að flugþjónustu á jafnræðisgrundvelli. Gjöld skulu miðast við kostnað vegna veittrar þjónustu og slík þjónusta skal í eðli sínu vera sambærileg og í sama gæðaflokki og eigin afgreiðsla væri.

4. Flugfélög beggja aðila mega stunda beina sölu á flutningum í lofti á yfirráðasvæði hins aðilans og, að eigin vild flugfélags, fyrir milligöngu umboðsmanna sinna nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglugerðum um leiguflug í upprunalandi leiguflegsins er varða vernd greidds fjár farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt farþega. Öll flugfélög hafa rétt til að selja slíka flutninga og er hverjum sem er frjálst að kaupa slíka flutninga í gjaldmiðli yfirráðasvæðisins eða í auðskiptanlegum gjaldmiðli.

5. Öll flugfélög eiga rétt á að skipta tekjum sem fást umfram útgjöld á staðnum yfir í eigin gjaldmiðil og senda til heimalandsins, sé þess óskað. Heimila skal gjaldeyrisskipti og peningasendingar umsvifalaust og án takmarkana eða skattlagningar á gengi sem gildir um viðskipti og peningasendingar þann dag sem flugfélagið fyrst sækir um að senda peningana.

6. Flugfélögum beggja aðila skal vera heimilt að greiða útgjöld á staðnum, þar á meðal fyrir eldsneyti, á yfirráðasvæði hins aðilans í þarlandum gjaldmiðli. Flugfélögum beggja aðila er heimilt, að eigin vild, að greiða slík útgjöld á yfirráðasvæði hins aðilans í auðskiptanlegum gjaldmiðli samkvæmt þarlandum gjaldeyrisreglum.

7. a) Hvaða tilgreint flugfélag sem er getur, í rekstri eða þjónustu sem hefur verið heimiluð á umsömdum leiðum, tekið upp markaðssamstarf á borð við föst sætakaup, sameiginlegt flugnúmer eða leigu við:

i) flugfélag eða flugfélög hvors aðilans sem er; og

ii) flugfélag eða flugfélög þriðja aðila, að því tilskildu að þriðja land veiti heimild eða leyfi fyrir sambærilegu fyrirkomulagi milli flugfélaga hins aðilans og annarra flugfélaga fyrir þjónustu til, frá og um þriðja land; að því tilskildu að öll flugfélög sem eiga hlut að slíku fyrirkomulagi 1) hafi til þess tilskilin leyfi og 2) fullnægi þeim kröfum sem vanalega gilda um slíkt fyrirkomulag.

b) Ef flugfélag annars aðilans heldur uppi þjónustu milli staðar á yfirráðasvæði hins aðilans og staðar í þriðja landi samkvæmt sameiginlegu flugnúmerafyrirkomulagi í hvaða flugáfanga sem er á þeirri leið með flugfélagi frá hinum aðilanum, skal fyrrnefndi aðilinn, þrátt fyrir ákvæði ii-liðar hér að framan, heimila eða leyfa hvaða flugfélagi sem er frá síðarnefnda aðilanum að nota sameiginlegt flugnúmerafyrirkomulag með hvaða flugfélagi sem er á hvaða hluta flugáfanga sem er á leið milli þriðja lands og síðarnefnda aðilans um stað eða staði á yfirráðasvæði fyrstnefnda aðilans.

9. gr.

Tollar og gjöld

1. Loftför sem eru starfrækt í millilandaflutningum af tilnefndum flugfélögum annars aðilans, venjulegur búnaður þeirra, búnaður á jörðu niðri, eldsneyti, smurólíur, einnota tækniþingir, varahlutir (meðal annars hreyflar), aðföng loftfars (meðal annars, en þó ekki eingöngu, matur, drykkur og áfengi, tóbak og aðrar vörur sem ætlaðar eru til neyslu eða sölu til farþega á flugi í takmörkuðu magni) og aðrar vörur eingöngu ætlaðar til nota í tengslum við rekstur eða þjónustu

við loftfar í millilandaflutningum skulu, við komu til yferráðasvæðis hins aðilans, með gagnkvæmum hætti vera undanþegin öllum innflutningstakmörkunum, eignasköttum og fjármagnssköttum, tollum, vörugjöldum og álíka gjöldum sem 1) innlend yfirvöld leggja á og 2) grundvallast ekki á kostnaði vegna veittrar þjónustu, að því tilskildu að slíkur búnaður og birgðir verði ekki teknar frá borði.

2. Enn fremur skal eftirfarandi vera gagnkvæmt undanþegið sköttum, álögum, tollum og gjöldum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að undanskildum gjöldum sem grundvallast á útgjöldum vegna veittrar þjónustu:

- a. aðföng loftfars sem eru aðflutt eða fengin á yferráðasvæði aðila og færð um borð, innan eðlilegra marka, til nota á útleið um borð í loftfari flugfélags hins aðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti jafnvel þegar nota á aðföngin á þeim hluta ferðarinnar sem floginn er yfir yferráðasvæði aðilans þar sem þau voru tekin um borð;
- b. búnaður á jörðu niðri og varahlutir (meðal annars hreyfla) sem eru aðfluttir á yferráðasvæði aðila vegna þjónustu, viðhalds eða viðgerða á loftfari flugfélags hins aðilans sem er notað í millilandaflutningum í lofti; og
- c. eldsneyti, smurolíur og einnota tæknibirgðir sem eru aðfluttar eða fengnar á yferráðasvæði aðila til nota í loftfari flugfélags hins aðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti jafnvel þegar nota á aðföngin á þeim hluta ferðarinnar sem floginn er yfir yferráðasvæði aðilans þar sem þau voru tekin um borð;
- d. kynningar- og auglýsingaefni sem er aðflutt eða fengið á yferráðasvæði samningsaðila og tekið um borð, innan eðlilegra marka, til nota á útleið um borð í loftfari frá flugfélagi hins samningsaðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti jafnvel þegar nota á þau aðföng á þeim hluta ferðarinnar sem floginn er yfir yferráðasvæði samningsaðilans þar sem þau voru tekin um borð.

3. Krefjast má þess að búnaður og birgðir sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar verði undir eftirliti og stjórn viðkomandi yfirvalda.

4. Undanþágur sem kveðið er á um í þessari grein skulu einnig fáanlegar þegar tilnefnt flugfélag annars aðilans hefur gert samninga við annað flugfélag, sem með líkum hætti nýtur slíkra undanþágna hjá hinum aðilanum, um lán eða færslu á þeim vörum sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar á yferráðasvæði hins aðilans.

10. gr.

Notendagjöld

1. Notendagjöld sem þar til bær yfirvöld eða stofnanir hvors aðila um sig geta lagt á flugfélög hins aðilans skulu vera réttlát, eðlileg, ekki mismuna á óréttlátan hátt og skal þeim skipt jafnt niður á notendaflokka. Slík notendagjöld skulu ávallt lögð á flugfélög hins aðilans með skilmálum sem ekki eru óhagstæðari en hagstæðustu skilmálar sem bjóðast öðrum flugfélögum á þeim tíma sem gjöldin eru lögð á.

2. Notendagjöld sem lögð eru á flugfélög hins aðilans mega endurspegla, en ekki fara yfir, þann heildarkostnað sem þar til bær yfirvöld eða stofnanir hafa af því að leggja til flugvöll við hæfi, þjónustu vegna umhverfisverndar flugvallar, flugleiðsögu og aðstöðu til flugverndar á flugvellinum eða innan flugvallarkerfisins. Í heildarkostnaði af þessu tagi getur verið innifalinn eðlilegur arður af eignum eftir afskriftir. Aðstaða og þjónusta sem gjöldin eru greidd fyrir skal látin í té með skilvirkum og hagkvæmum hætti.

3. Hvor aðili um sig skal hvetja til viðræðna milli þar til bærra yfirvalda eða stofnana á yfirráðasvæði sínu og flugfélaga sem nota þjónustu og aðstöðu og hvetja þar til bær yfirvöld eða stofnanir og flugfélögin til að skiptast á upplýsingum sem kunna að vera nauðsynlegar til að unnt sé að skoða nákvæmlega réttmæti gjaldanna samkvæmt meginreglum 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Báðir aðilar skulu hvetja þar til bær yfirvöld til að láta notendum í té allar tillögur um breytingar á notendagjöldum með eðlilegum fyrirvara til að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en af breytingum verður.

4. Við lausn deilumála sem kunna að rísa, samanber 14. gr., skal hvorugur aðilinn teljast hafa brotið ákvæði þessarar greinar nema i) hann hafi látið hjá líða að endurskoða gjöld eða framkvæmd þeirra, sem hinn aðilinn hefur gert að umkvörtunarefni, innan eðlilegs tíma; eða ii) látið hjá líða, eftir slíka endurskoðun, að gera allar ráðstafanir sem í hans valdi eru til að leiðrétta gjöld eða framkvæmd sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar greinar.

11. gr.

Sanngjörn samkeppni

1. Hvor aðili um sig skal gefa tilnefndum flugfélögum beggja aðila sanngjörn og jöfn tækifæri til að taka þátt í samkeppni í millilandaflutningum í lofti sem þessi samningur gildir um.

2. Báðir aðilar skulu leyfa hverju tilnefndu flugfélagi um sig að ákvarða ferðatíðni og flutningsgetu í millilandaflutningum sem það býður á grundvelli viðskiptaaðstæðna á markaðinum. Í samræmi við þessi réttindi skal hvorugur

aðilinn takmarka umferð einhliða, ákvarða hversu mikil eða reglubundin þjónustan eða ferðatíðnin er eða hvaða gerð eða gerðir loftfara tilnefnd flugfélög hins aðilans starfrækja, nema að því marki sem nauðsynlegt er af ástæðum er varða tollafgreiðslu, tæknileg atriði, rekstur eða umhverfisvernd með einsleitum skilyrðum í samræmi við 15. gr. samþykktarinnar.

3. Hvorugur aðilanna skal gera kröfur til tilnefndra flugfélaga hins aðilans um fyrsta höfnunarrétt, lyftihlutfall, þægðarfé eða neinar aðrar kröfur er varða flutningsgetu, ferðatíðni eða umferð og eru í ósamræmi við ákvæði þessa samnings.

4. Hvorugur aðilanna skal gera kröfu til þess að flugáætlanir, áætlanir um leiguflyg eða flugrekstraráætlanir flugfélaga hins aðilans séu skráðar til samþykktar nema að því marki sem kann að vera krafist á jafnræðisgrundvelli til að fullnægja einsleitum skilyrðunum sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. þessarar greinar eða eins og kann að vera heimilað sérstaklega í viðauka við samning þennan. Ef aðili gerir kröfur um skráningu í upplýsingaskyni ber honum að halda í lágmarki sjónsýsluálagi vegna málsmeðferðar skráningarkröfunnar á milliliði flutninga í lofti og tilnefnd flugfélög hins aðilans.

12. gr.

Verðlagning

1. Báðir aðilar skulu heimila hverju tilnefndu flugfélagi um sig að ákvarða verð fyrir flutninga í lofti á grundvelli þeirra viðskiptaaðstæðna sem ríkja á markaðinum. Íhlutun aðila skal takmarkast við að:

- a. koma í veg fyrir óeðlilega verðmismunun eða framkvæmd verðlagningar;
- b. vernda neytendur gegn verði sem er óeðlilega hátt eða háð takmörkunum vegna misnotkunar á yfirburðastöðu; og
- c. vernda flugfélög gegn óeðlilega lágu verði sem rekja má til beinna eða óbeinna ríkisstyrkja eða aðstoðar.

2. Báðir aðilar geta krafist þess að verð sem flugfélög hins aðilans setja upp til eða frá yfirráðasvæði hans sé tilkynnt eða skráð hjá flugmálayfirvöldum hvors um sig. Óheimilt er að krefjast tilkynningar eða skráningar af hálfu flugfélaga beggja aðila með skemmri fyrirvara en 30 dögum fyrir fyrirhugaða gildistöku. Í einstaka tilvikum er tilkynning eða skráning leyfileg með skemmri fyrirvara en venjulega er krafist. Hvorugur aðilinn getur krafist þess að flugfélag hins aðilans tilkynni eða skrái verð sem leigutakar setja upp við almenning, nema þess sé krafist á jafnræðisgrundvelli í upplýsingaskyni.

3. Hvorugum aðilanna er heimilt að grípa til einhliða aðgerða til að koma í veg fyrir að tekið verði upp eða haldið verði sem gerðar hafa verið tillögur um að setja upp eða hefur verið sett upp af hálfu a) flugfélags annars hvors aðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti milli yfirráðasvæða aðila eða b) flugfélags annars aðilans sem stundar millilandaflutninga í lofti milli yfirráðasvæðis hins aðilans og hvaða lands annars sem er, í báðum tilvikum eru með taldir flutningar þar sem flugfélagaskipti eiga sér stað eða flutningar með sama félagi, að því tilskildu, þegar um er að ræða flugþjónustu til eða frá þriðju löndum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu þann dag sem samningur þessi öðlast gildi, að það verð sé ekki sérstakleg bannað samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef annar hvor aðilinn álfur að slíkt verð sé ósamrýmanlegt þeim hugmyndum og tilkynna hinum aðilanum hvað veldur óánægju hans eins fljótt og unnt er. Þessar viðræður skulu fara fram eigi síðar en 30 dögum eftir að beiðnin berst og skulu aðilar vinna sameiginlega að öflun upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að fá skynsamlega lausn á málinu. Nái aðilar samkomulagi um verð sem tilkynnt hefur verið að óánægja ríki um skulu báðir aðilar leggja sig fram um að hrinta því samkomulagi í framkvæmd. Náist ekki samkomulag gengur verðið í gildi eða gildir áfram.

4. Þrátt fyrir 1. - 3. mgr. hér að framan hafa öll tilgreind flugfélög rétt til að bjóða sama verð og gildir á markaðinum.

13. gr.

Margþætt flutningaþjónusta

Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa er flugfélögum beggja aðila og öðrum sem taka að sér farmflutninga heimilt, án takmarkana, að nota í tengslum við millilandaflutninga í lofti hvers konar farmflutninga á jörðu niðri til og frá hvaða stað sem er á yfirráðasvæðum aðila eða í þriðju löndum, þar á meðal flutninga til og frá öllum flugvöllum þar sem aðstaða er til tollafgreiðslu og þar á meðal hafa þau, eftir atvikum, rétt til að flytja farm í tollgeymd samkvæmt gildandi lögum og reglum. Skal vera aðstaða á flugvelli til að tollskoða og tollafgreiða slíkan farm, hvort sem hann er fluttur á jörðu niðri eða í lofti. Flugfélög geta kosið að sjá sjálf um flutninga sína á jörðu niðri eða falið það öðrum flytjendum á jörðu niðri, þar á meðal öðrum flugfélögum sem stunda flutninga á jörðu niðri og öðrum sem taka að sér farmflutninga í lofti. Slíka margþætta farmflutningaþjónustu má bjóða á einu heildarverði alla leið fyrir flutninga í lofti og á jörðu niðri, að því tilskildu að ekki sé villt um fyrir sendendum að því er varðar flutningsmáta.

14. gr.

Viðræður

Báðir aðilar geta hvenær sem er farið fram á viðræður um þennan samning. Slíkar viðræður skulu hafnar sem allra fyrst, þó eigi síðar en 60 dögum eftir beiðni um það berst frá öðrum aðilanum, nema annað sé ákveðið.

15. gr.

Lausn deilumála

1. Deilur sem kunna að rísa út af samningi þessum, að undanskildum þeim sem kunna að rísa út af 3. mgr. 12. gr. (Verðlagning), sem ekki verða leystar í fyrstu formlegum viðræðum má með samþykki aðila vísa til einhvers einstaklings eða stofnunar. Samþykki aðilar það ekki skal deilan, að beiðni annars hvors aðilans, lögð fyrir gerðardóm í samræmi við málsmeðferð þá sem hér fer á eftir:

2. Gerðardómur skal skipaður þremur gerðarmönnum sem hér segir:

- a. Hvor aðili um sig skal tilnefna gerðarmann innan 30 daga frá því að ósk um gerðardóm barst. Áður en 60 dagar eru liðnir frá því að þessir tveir gerðarmenn voru tilnefndir skulu þeir í sameiningu skipa þriðja gerðarmann og er hann forseti gerðardómsins.
- b. Ef annar hvor aðila tilnefnir ekki gerðarmann, eða ef þriðji gerðarmaður er ekki skipaður samkvæmt a-lið þessarar málsgreinar, getur hvor aðilinn sem er farið fram á að forseti ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skipi gerðarmann eða gerðarmenn þá sem á vantar innan 30 daga. Ef forseti ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er ríkisborgari annars aðilans, skal sá varaforseti sem næstur er í röðinni og ekki telst vanhæfur af sömu sökum annast útnefninguna.

3. Gerðardómur ákvarðar í samræmi við samning þennan, nema annað sé ákveðið, hver lögsaga hans er og hann setur sér starfsreglur. Þegar dómurinn hefur verið skipaður getur hann mælt með bráðabirgðaráðstöfunum til úrbóta þar til niðurstaðan liggur fyrir. Halda ber þing, undir stjórn dómsins eða að beiðni annars hvors aðilans, til að ákvarða ágreiningsefnin sem á að úrskurða um og málsmeðferð eigi síðar en 15 dögum eftir að dómurinn er fullskipaður.

4. Nema annað sé ákveðið eða dómurinn ákveði annað skulu báðir aðilar leggja fram greinargerð innan 45 daga frá því að dómurinn var fullskipaður. Andmæli skulu hafa borist 60 dögum síðar. Dómurinn skal rétta í málinu að beiðni annars hvors aðilans eða að eigin frumkvæði innan 15 daga frá því að andmælin eiga að hafa borist.

5. Dómurinn skal leitast við að leggja fram skriflegar niðurstöður innan 30 daga eftir að réttað hefur verið í málinu eða, ef ekki er réttað í málinu, eftir að andmæli beggja hafa verið lögð fram. Niðurstaða meirihluta dómsins ræður úrslitum.

6. Aðilar geta beiðst skýringa innan 15 daga frá því að niðurstaða fékkst og skulu skýringar gefnar innan 15 daga frá því að beiðnin barst.

7. Báðir aðilar skulu, að því marki sem samrýmanlegt er lögum þeirra, láta niðurstöður eða úrskurði gerðardóms öðlast fullt gildi.

8. Útgjöldum gerðardóms, að meðtöldum útgjöldum gerðarmanna og þóknun til þeirra, skal jafnt skipt á milli aðila. Öll útgjöld sem forseti Alþjóðaflugmálastofnunarinnar stofnar til í tengslum við málsmeðferð b-liðar 2. mgr. þessarar greinar skulu teljast hluti af útgjöldum gerðardóms.

16. gr.

Uppsögn

Hvor aðilinn sem er getur hvenær sem er tilkynnt hinum aðilanum skriflega ákvörðun sína um að segja upp þessum samningi. Samtímis skal slík tilkynning send Alþjóðaflugmálastofnuninni. Samningur þessi fellur úr gildi (á þeim stað þar sem hinn aðilinn tók við tilkynningunni) á miðnætti aðfarnótt sama dags að ári frá því að hinum aðilanum barst tilkynningin, nema tilkynningin sé dregin til baka með samþykki beggja aðila áður en sá tími er liðinn.

17. gr.

Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni

Samningur þessi ásamt öllum breytingum á honum skal skráður hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

18. gr.

Gildistaka


Samningur þessi öðlast gildi við erindaskipti sendifulltrúa sem staðfesta að lokið sé lögformlegri innlendri meðferð þessa máls sem nauðsynleg er til að samningurinn komi til framkvæmda.

Við gildistöku leysir þessi samningur af hólmi loftflutningasamning, sem öðlaðist gildi með erindaskiptum í Reykjavík 27. janúar 1945 og breytingar við hann, samning um flutninga á Íslenzkum farþegum og pósti með flugvélum, sem staðfestur var með erindaskiptum í Reykjavík 27. janúar og 11. apríl 1945, og *Agreement on a Modus Vivendi with Respect to the Operations of the Designated Icelandic Airline Under the 1945 Transport Services Agreement*, sem öðlaðist gildi við erindaskipti í Washington 24. júní 1970.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, ritað undir samning þennan.

GJÖRT Í *Washington*, *14. júní*, 1995, í tvíriti, á ensku og íslensku, og eru báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Bandaríkja Norður-Ameríku



Fyrir hönd ríkisstjórnar
Íslands



I.VIÐAUKI

Áætlunarflutningar í lofti

1. hluti

Leiðir

Flugfélög beggja aðila sem tilnefnd eru samkvæmt þessum viðauka skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að stunda áætlunarflutninga milli landa í lofti á eftirfarandi leiðum:

A. *Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem eru tilnefnd af ríkisstjórn Bandaríkja-anna:*

Frá stöðum handan við Bandaríkin um Bandaríkin og staði á milli Bandaríkja-anna og Íslands til staðar eða staða á Íslandi og áfram.

B. *Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem eru tilnefnd af ríkisstjórn Íslands:*

Frá stöðum handan við Ísland um Ísland og staði á milli Íslands og Bandaríkja-anna til staðar eða staða í Bandaríkjunum og áfram.

2. hluti

Sveigjanleiki í rekstri

Hvert tilnefnt flugfélag getur að eigin vali gert eftirfarandi á hvaða flugleið sem vera skal eða þeim öllum:

1. Starfrækt flug í aðra áttina eða báðar.
2. Sameinað mismunandi flugnúmer í einni ferð með sama loftfari.
3. Þjónað stöðum handan við yfirráðasvæði aðila, á milli þeirra og áfram og stöðum á yfirráðasvæðum aðila á leiðum með hvaða samsetningu og í hvaða röð sem er.
4. Sleppt viðkomu á hvaða stað eða stöðum sem er.
5. Flutt farþega/farm frá einu loftfari sínu til annars hvar sem er á leiðunum.
6. Þjónað stöðum handan við hvaða stað sem er á yfirráðasvæði sínu hvort sem skipt er um loftfar eða flugnúmer eða ekki og er heimilt að halda uppi og kynna slíka þjónustu fyrir almenningi sem flutninga á leiðarenda:

Án takmarkana á því í hvora áttina er flogið eða hvert og án þess að missa rétt til flutninga sem eru leyfðir annars staðar í þessum samningi, að því tilskildu að flutningarnir þjóni stað á yfirráðasvæði aðilans sem tilnefndi flugfélagið.

3. hluti

Skipt um loftfar

Tilnefnd flugfélög geta stundað millilandaflutninga í lofti án takmarkana að því er lýtur að því að skipta um gerð eða breyta fjölda loftfara í rekstri, á hvaða stað á leiðinni sem er, í hvaða áfanga eða áföngum sem er á leiðunum er um getur hér að framan, að því tilskildu að flutningar á útleið frá slíkum stað séu framhald flutninga frá yfirráðasvæði aðilans sem tilnefndi flugfélagið og að á innleið séu flutningar til yfirráðasvæðis aðilans sem tilnefndi flugfélagið framhald flutninga frá stað sem er handan við slíkan stað.

II. VIÐAUKI

Leiguflutningar í lofti

1. hluti

Flugfélög beggja aðila sem eru tilnefnd samkvæmt þessum viðauka skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að flytja farþega landa á milli með leiguflutningum í lofti (og meðfylgjandi farangur þeirra) og/eða farm (getur þá verið um að ræða, en þó ekki eingöngu, farmmiðlun, uppskiptingu og samsetningu (farþegar/farmur) í leiguflutningum):

milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði aðilans sem hefur tilnefnt flugfélagið og hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins aðilans; og

milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins aðilans og hvaða staðar eða staða sem er í þriðja landi eða þriðju löndum, *að því tilskildu* að slík þjónusta sé liður í samfelldum rekstri, hvort sem skipt er um loftfar eða ekki, sem felur í sér þjónustu við heimalandið í þeim tilgangi að flytja innanlandsfarþega/farm milli heimalandsins og yfirráðasvæðis hins aðilans.

Þegar þjónusta sem fellur undir þennan viðauka er veitt skulu flugfélög beggja aðila, sem tilnefnd eru samkvæmt þessum viðauka, einnig eiga rétt á að: 1) hafa viðdvöl hvar sem er innan eða utan yfirráðasvæðis hvors aðilans sem er; 2) flytja farþega/farm í umflutningi með viðkomu á yfirráðasvæði hins aðilans; og 3) sameina í einu loftfari farþega/farm sem er upprunninn annaðhvort á yfirráðasvæði annars aðilans eða á yfirráðasvæði hins aðilans og farþega/farm sem er upprunninn í þriðju löndum.

Báðir aðilar skulu með vinsemd taka til athugunar umsóknir flugfélaga hins aðilans um að stunda flutninga sem falla ekki undir þennan viðauka á grundvelli háttvísi og gagnkvæmni.

2. hluti

Flugfélag, tilnefnt af öðrum hvorum aðilanum, sem stundar leiguflutninga í lofti landa á milli sem hefjast á yfirráðasvæði annars hvors aðilans, hvort sem um er að ræða flutninga aðra leið eða báðar, skal eiga þess kost að velja hvort það fer að lögum og reglum heimalandsins eða hins aðilans um leiguflug. Ef aðili beitir mismunandi reglum, reglugerðum, skilmálum, skilyrðum eða takmörkunum gagnvart einu eða fleiri flugfélaga sinna, eða flugfélögum annarra landa, skal hvert tilnefnt flugfélag hlíta þeim viðmiðunum sem hafa minnstu takmarkanir í för með sér.

Ekkert í ofangreindri málsgrein takmarkar þó rétt hvors aðilans sem er til að krefjast þess að flugfélög sem annar hvor þeirra tilnefnir samkvæmt þessum viðauka fylgi ákvæðum um vernd greidds fjár farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt þeirra.

3. hluti

Hvorugur aðila skal krefjast þess að flugfélag, sem hinn aðilinn hefur tilnefnt samkvæmt þessum viðauka, að því er varðar flutninga frá yfirráðasvæði hins aðilans eða þriðja lands, aðra leið eða báðar, leggi fram nokkuð umfram yfirlýsingu um að samræmis sé gætt við gildandi lög og reglur sem um getur í 2. hluta þessa viðauka, eða um undanþágur frá þessum lögum eða reglum sem þar til bær flugmálayfirvöld veita, nema að því er lýtur að reglum um neytendavernd sem um getur í málsgreininni hér að framan.

III. VIÐAUKI

Meginreglur um jafnræði og samkeppni í tölvufarskráningarkerfum

Með því að viðurkenna að ákvæði 11. gr. (Sanngjörn samkeppni) í samningnum milli Bandaríkjanna og Íslands tryggji flugfélögum beggja aðila „sanngjörn og jöfn tækifæri til samkeppni“,

með það í huga að eitt af því sem hvað mikilvægast er til að flugfélag sé samkeppnishæft er tækifæri til að koma upplýsingum um þjónustu sína á framfæri við almenning á sanngjarnan og hlutlausan hátt og má af þeim sökum líta svo á að eðli þeirra upplýsinga sem ferðaskrifstofur fá um flugþjónustu, og þær koma síðan á framfæri við ferðamenn, ásamt möguleikum flugfélags til að bjóða ferðaskrifstofum aðgang að farskráningarkerfum sem eru samkeppnishæf sé í raun aðalforsenda þess að flugfélag sé samkeppnishæft, og

með það í huga að engu síður er mikilvægt að tryggja að hagsmunir þeirra sem notfæra sér flutningaþjónustu í lofti séu verndaðir gegn hvers konar misnotkun slíkra upplýsinga og villandi framsetningu þeirra og að flugfélög og ferðaskrifstofur hafi aðgang að tölvufarskráningarkerfum sem eru í raun samkeppnishæf:

1. eru aðilar sammála um að í tölvufarskráningarkerfum skuli vera samhæfð aðalskjáýfirlit þar sem:

- a. upplýsingum um flugþjónustu landa á milli, meðal annars um uppbyggingu tenginga í slíkri þjónustu, skal skipað niður og skulu þær birtar á grundvelli jafnræðis og hlutlægni án þess að merki flugfélags eða markaðstákn komi þar nærri með beinum eða óbeinum hætti. Þessar viðmiðanir gilda jafnt um öll aðildarflugfélög;
- b. gagnasöfn tölvufarskráningarkerfanna eru eins ítarleg og við verður komið;
- c. seljendum tölvufarskráningarkerfa er gert að eyða ekki upplýsingum sem aðildarflugfélög leggja fram; slíkar upplýsingar skulu vera nákvæmar og skýrar; til dæmis skulu flug með sameiginlegum flugnúmerum, flug þar sem skipt er um loftfarsgerð á sama flugnúmeri og flug með viðdvöl vera greinilega auðkennd sem slík;
- d. bæði er skylt og heimilt að öll tölvufarskráningarkerfi sem eru aðgengileg ferðaskrifstofum, sem dreifa upplýsingum um þjónustu flugfélaga beint til ferðamanna á yferráðasvæði beggja aðila, séu starfrækt í samræmi við reglur um tölvufarskráningarkerfi sem gilda á yferráðasvæðinu þar sem tölvufarskráningarkerfið er starfrækt;

- e. ferðaskrifstofum er heimilt að nota hvers konar aukaskjáfirlit sem eru aðgengileg í tölvufarskráningarkerfinu að því tilskildu að ferðaskrifstofan óski sérstaklega eftir slíku skjáfirliti;
2. skal hvor aðili um sig krefjast þess að allir seljendur tölvufarskráningarkerfa með starfsemi á yfirráðasvæði hans heimili öllum flugfélögum, sem eru reiðubúin til að greiða á jafnræðisgrundvelli það gjald sem í gildi er fyrir aðild að tölvufarskráningarkerfum sínum. Aðili skal krefjast þess að öll dreifingaraðstaða sem seljandi tölvufarskráningarkerfa lætur í té standi aðildarflugfélögum til boða á jafnræðisgrundvelli. Skal hvor aðili um sig krefjast þess að seljendur tölvufarskráningarkerfa birti, á jafnræðisgrundvelli þar sem hlutleysis er gætt, flugfélögum ekki mismunað og óhlutdrægni ríkir á markaði, upplýsingar sem aðildarflugfélög veita um flugþjónustu landa á milli á öllum mörkuðum þar sem þau hyggjast selja þessa þjónustu. Ef þess er óskað skal seljandi tölvufarskráningarkerfa gefa nákvæmar upplýsingar um hvaða aðferðir eru notaðar við að staðfæra og geyma gagnasöfn þeirra, hvaða viðmiðanir gilda um skipulag og sess upplýsinga, mikilvægi slíkra viðmiðana og hver viðmiðunin er þegar tengiflugvellir eru valdir og tengiflug sett inn;
3. eiga seljendur tölvufarskráningarkerfa á yfirráðasvæði annars aðilans rétt á að innleiða hjá ferðaskrifstofum eða fyrirtækjum í ferðaþjónustu, sem leggja höfuðáherslu á dreifingu þjónustu er tengist ferðamálum, viðhalda og veita frjálstan þöngang að tölvufarskráningarkerfum sínum á yfirráðasvæði hins aðilans, ef tölvufarskráningarkerfið er í samræmi við þessar meginreglur;
4. skal hvorugur aðilinn gera eða heimila að gerðar séu á yfirráðasvæði sínu strangari kröfur til seljenda tölvufarskráningarkerfa hins aðilans að því er varðar aðgengi og notkun samskiptabúnaðar, val og notkun tæknilegs vélbúnaðar og hugbúnaðar tölvufarskráningarkerfa og tæknilega uppsetningu vélbúnaðar þessara kerfa en til eigin seljenda tölvufarskráningarkerfa;
5. skal hvorugur aðilinn leggja eða heimila að lagðar séu á yfirráðasvæði sínu meiri hömlur á seljendur tölvufarskráningarkerfa hins aðilans að því er varðar skjáfirlit tölvufarskráningarkerfa (meðal annars skipulag og stærð skjáfirlita) starfrækslu eða sölu, en á eigin seljendur tölvufarskráningarkerfa;
6. skulu tölvufarskráningarkerfi, sem eru í notkun á yfirráðasvæði annars aðilans og starfrækt í samræmi við þessar meginreglur og aðra stjórnvalds-, tækni- og flugverndarstaðla sem byggja á jafnræðisreglunni, hafa virkt og ótruflað aðgengi á yfirráðasvæði hins aðilans. Einn liður í því er að tilnefnt flugfélag eigi aðild að slíku kerfi með jafnvirkum hætti á yfirráðasvæði heimalands síns og að öðrum kerfum sem ferðaskrifstofum á yfirráðasvæði hins aðilans stendur til boða. Skulu eigendur/stjórnendur tölvufarskráningarkerfa frá öðrum aðilanum hafa sama tækifæri til að eiga/starfrækja tölvufarskráningarkerfi sem eru í samræmi við þessar meginreglur á yfirráðasvæði hins aðilans og eigendur/stjórnendur frá hinum aðilanum. Skal hvor aðili um sig tryggja að flugfélög hans og seljendur tölvufarskráningarkerfa mismuni ekki ferðaskrifstofum á yfirráðasvæði heimalandsins vegna þess að þær noti eða eigi tölvufarskráningarkerfi sem einnig er starfrækt á yfirráðasvæði hins aðilans.

[TRANSLATION – TRADUCTION]

ACCORD RELATIF AUX TRANSPORTS AERIENS ENTRE LE GOUVERNEMENT DES ÉTATS-UNIS D'AMÉRIQUE ET LE GOUVERNEMENT DE L'ISLANDE

Le Gouvernement des États-Unis d'Amérique et le Gouvernement de l'Islande (ci-après dénommés « les Parties »),

Désireux de promouvoir un système de transport aérien international fondé sur la concurrence des compagnies de transport aérien assujetties à un minimum de réglementation et d'interventions officielles,

Désireux de faciliter l'expansion des possibilités qui s'offrent dans le domaine des transports aériens internationaux,

Désireux de permettre aux compagnies de transport aérien d'offrir aux voyageurs et aux expéditeurs toute une gamme de services aux tarifs les plus bas, qui excluent toute pratique abusive ou discriminatoire et ne résultent pas de l'abus d'une position dominante, et animés du désir d'encourager les différentes compagnies de transport aérien à adopter et appliquer des méthodes de tarification novatrices et concurrentielles,

Désireux d'assurer aux transports aériens internationaux le maximum de sûreté et de sécurité, et réaffirmant les vives préoccupations que leur causent les actes perpétrés ou les menaces dirigées contre la sécurité des aéronefs, qui compromettent la sécurité des personnes ou des biens, entravent l'exploitation des transports aériens et incitent le public à douter de la sûreté de l'aviation civile,

Étant parties à la Convention relative à l'aviation civile internationale, ouverte à la signature à Chicago le 7 décembre 1944,

Sont convenus de ce qui suit :

Article premier. Définitions

Aux fins du présent Accord, sauf indication contraire :

1. L'expression « autorité aéronautique » s'entend, dans le cas des États-Unis, du Département des transports ou de celui qui lui succède et, dans le cas de l'Islande, du Ministère des communications et de toute personne ou de tout organisme habilité à remplir les fonctions actuellement exercées par ledit Ministère des communications.

2. Le terme « Accord » s'entend du présent Accord, de ses annexes et de tous amendements y relatifs.

3. L'expression « transport aérien » s'entend de toutes opérations effectuées par des aéronefs en vue d'assurer le transport public de passagers, de bagages, de fret et de courrier, séparément ou conjointement, moyennant rémunération ou en vertu d'un contrat de location.

4. Le terme « convention » s'entend de la Convention relative à l'aviation civile internationale, ouverte à la signature à Chicago le 7 décembre 1944 et comprend :

- 1) Tout amendement qui est entré en vigueur en vertu de l'article 94 a) de la Convention et qui a été ratifié par les deux Parties contractantes, et
 - 2) Toute annexe ou tout amendement y relatif, adopté en vertu de l'article 90 de la Convention dans la mesure où cette annexe ou cet amendement est devenu, à un moment donné, applicable pour les deux Parties contractantes.
5. L'expression « compagnie aérienne désignée » s'entend d'une compagnie de transport aérien, désignée et autorisée conformément à l'article 3 du présent Accord.
6. L'expression « coûts économiques intégraux » s'entend du coût direct du service fourni, plus une redevance raisonnable pour les frais généraux d'administration.
7. L'expression « transport aérien international » s'entend du transport aérien qui s'effectue en traversant l'espace aérien situé au-dessus du territoire de plus d'un État.
8. Le terme « tarif » s'entend de tout tarif, taux ou prix à percevoir pour le transport de passagers (et de leurs bagages) et/ou de fret (à l'exclusion du courrier) par les compagnies de transport aérien ou leurs agents et des conditions dans lesquelles ils sont offerts.
9. L'expression « escale à des fins non commerciales » s'entend d'une escale effectuée à toute autre fin que l'embarquement ou le débarquement de passagers et/ou le chargement ou le déchargement de bagages, de fret et de courrier transportés par la voie aérienne.
10. Le terme « territoire » s'entend des régions terrestres et des eaux territoriales adjacentes placées sous la souveraineté, la juridiction, la protection ou la tutelle d'une Partie.
11. L'expression « redevance d'usage » s'entend de la redevance que les compagnies de transport aérien doivent acquitter pour pouvoir utiliser les installations ou les services d'aéroport, de navigation aérienne ou de sécurité.

Article 2. Octroi des droits

1. Chaque Partie accorde à l'autre Partie les droits suivants en vue de l'exploitation des services de transport aérien international par les compagnies désignées de l'autre Partie :
- a. Droit de survoler son territoire sans y faire escale;
 - b. Droit de faire des escales non commerciales sur son territoire;
 - c. Droits autrement spécifiés dans le présent Accord.
2. Aucune disposition du présent article n'est réputée conférer à une ou plusieurs compagnies de transport aérien d'une Partie le droit d'embarquer des passagers, leurs bagages, du fret ou du courrier transportés contre rémunération, entre des points situés sur le territoire de l'autre Partie.

Article 3. Désignation et autorisation

1. Chaque Partie a le droit de désigner autant de compagnies de transport aérien qu'elle l'entend pour exploiter des services de transport aérien international conformément aux dispositions du présent Accord, ainsi que de retirer ou de modifier ces désignations. Celles-ci sont transmises par écrit à l'autre Partie, par la voie diplomatique; elles

indiquent si la compagnie de transport aérien est autorisée à assurer le type de transport indiqué dans l'annexe I ou l'annexe II ou dans les deux annexes.

2. Dès réception d'une telle désignation et de demandes d'autorisation d'exploitation et de permission technique présentées par la compagnie désignée selon la forme et la manière prescrites, l'autre Partie accorde les autorisations et les permissions appropriées, avec un minimum de formalités et de délai, à condition que :

a. Une part importante de la propriété et le contrôle effectif de cette compagnie soient entre les mains de la Partie qui l'a désignée et/ou de ressortissants de celle-ci.

b. La compagnie désignée satisfasse aux conditions prescrites par les lois et règlements normalement appliqués à l'exploitation des services aériens internationaux par la Partie à laquelle la ou les demandes ont été soumises; et

c. La Partie qui désigne la compagnie maintienne et applique les normes énoncées aux articles 6 (Sûreté) et 7 (Sécurité aérienne).

Article 4. Révocation de l'autorisation

1. Chaque Partie contractante peut révoquer, suspendre ou limiter les autorisations d'exploitation ou les permis techniques accordés à une compagnie désignée par l'autre Partie si :

a. Une part importante de la propriété et le contrôle effectif de cette compagnie de transport aérien ne sont pas entre les mains de l'autre Partie, de ressortissants de celle-ci ou de l'une et des autres;

b. Cette compagnie de transport aérien ne se conforme pas aux lois et règlements visés à l'article 5 (Application des lois) du présent Accord;

c. L'autre Partie ne maintient pas et n'applique pas les normes énoncées à l'article 6 (Sûreté).

